



Reglur um tóbaksvarnir á þjónustuheimilum og þjónustustöðva fyrir fatlaða

Norðurþing fylgir stefnu heilbrigðisyfirvalda um tóbaksvarnir. Markmiðið er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksefna.

Reglur um tóbaksnotkun

1. gr.

Ákvæði þessara reglna taka til takmarkana á neyslu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir. Markmið þeirra er að tryggja að þeir sem ekki nota tóbak verði fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaks. Rafrettur lúta einnig stefnu Norðurþings í tóbaksvörnum.

2. gr.

Tóbaksnotkun er með öllu óheimil innandyra, í eða við anddyri heimilis eða þjónustustöðva. Þjónustuheimli Norðurþings eru tóbakslaus heimili og íbúar mega ekki neyta tóbaks inni í sínum íbúðum eða herbergjum þegar svo ber undir en mælst er til þess að íbúar beri virðingu fyrir öðrum í sínu umhverfi og neyti tóbaks utandyra.

3. gr.

Telji þjónustuþegi eða starfsmaður að ákvæði þessara reglna séu brotin eða gengið á rétt viðkomandi getur hann beint kvörtunum til félagsmálastjóra í samræmi við lög sem gilda um heilbrigðisnefndir sveitarfélaga

4. gr.

Forstöðumanni heimila og þjónustumiðstöðva ber skylda til að kynna þessa stefnu fyrir íbúum, þjónustuþegum og starfsmönnum.

5. gr.

Starfsmaður Norðurþings sem brýtur á rétti þjónustuþega fyrir reyklaust umhverfi getur fengið áminningu í starfi.

